

Handbók um umferðarmerki

Upplýsingamerki Flokkur 600

Útgefandi Vegagerðin

Mars 2025



Efnisyfirlit

Upplýsingamerki	3
Almennar reglur um upplýsingamerki	4
Algengasta stærð upplýsingamerkja er sem hér segir:	5
Málsetning upplýsingamerkja	5
Málsetning 652.1 / 652.2 / 652.4 / 652.75 / 652.76 / 652.77 / 652.78 / 653 / 658 / 659 / 660.1	5
Málsetning 660.2	6
Málsetning 652.71 / 652.72 / 652.73 / 652.74	6
Málsetning 654.11 / 654.12 / 654.21 / 654.22	6
Málsetning 655.61 / 655.62 / 655.71 / 662	7
Málsetning 656	7
Gerðir upplýsingamerkja	8
650 Upplýsingatafla	8
652 Snúningssvæði fyrir löng ökutæki	10
652.4 Útskot	10
652.7 Botngata	11
653.1 Undirgöng	13
653.2 Brú	14
654.1 Inn	15
654.2 Út	15
655.61 Löggæslumyndavél	15
655.62 Meðalhraðaeftirlit	16
655.71 Eftirlitsmyndavél	16
656 Hámarkshraðaupplýsingar	17
658 Leiðbeinandi leið fyrir tegund umferðar	17
659 Rafræn gjaldtaka	18
660 Neyðarútgangur	18
662 Vatnsverndarsvæði	18

650.1	650.2	650.3	650.7
650F.4	650F.4	650F.5	650F.61
650F.62	650F.63	650F.64	652.1
652.2	652.4	652.71	652.73
652.74	652.75	652.76	652.77
652.78	653.11	653.12	653.21
653.22	654.11	654.12	654.21
654.22	655.61	655.62	655.71
656			

			
658.1	658.2	658.3	658.4
			
659	660.1	660.2	662

Almennar reglur um upplýsingamerki

Reglugerð um umferðarmerki:

Upplýsingamerkjum er ætlað að veita vegfarendum upplýsingar um ýmis atriði sem telja má þýðingarmikil fyrir umferðina en fela ekki í sér boð, bönn eða aðrar sérreglur fyrir umferð.

Upplýsingamerki eru ekki talin upp með tæmandi hætti í reglugerð þessari. Veghöldurum er heimilt, að fengnu samþykki Vegagerðarinnar, að höfðu samráði við Samgöngustofu að taka í notkun önnur upplýsingamerki en hér greinir, til upplýsingar fyrir umferð. Vegagerðin skal tryggja samræmt útlit upplýsingamerkja.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Veghaldara er heimilt að setja upp upplýsingamerki þar sem nauðsynlegt þykir að koma tilteknum hnitmiðuðum upplýsingum til vegfarenda. Veghaldari skal við slíkt mat stefna að því að lágmarka fjölda upplýsingamerkja sem standa við veg.

Óheimilt er að rita upplýsingar á fleiri en tveimur tungumálum á upplýsingamerki.

Heimilt er að endurtaka upplýsingamerki eftir þörfum. Heimilt er að nota viðeigandi undirmerki með upplýsingamerkjum.


Óheimilt er að nota mynd umferðarmerkja á upplýsingamerki nema til að upplýsa um að sérstakar reglur gildi um umferð. Þar sem sérstakar reglur eiga að gilda skal nota viðeigandi boðmerki, bannmerki, forgangsmerki eða sérreglumerki..




Algengasta stærð upplýsingamerkja er sem hér segir:



Gerð	Breidd (mm)	Hæð (mm)	Breidd jaðars (mm)
652.1, 652.2 Snúningssvæði f. löng ökutæki, 652.4 Útskot	500	500	10
652.71-652.74 Botngata	300	500	10
652.75, 652.76, 652.77, 652.78 Botngata	500	500	10
653 Undirgöng, brú	500	500	10
654 Inn/út	500	200	10
655.61 Löggæslumyndavél, 655.62 Meðalhraðaeftirlit, 655.71 Eftirlitsmyndavél	500	600	10
656 Hámarkshraðaupplýsingar	2000	1500	10
658 Leiðbeinandi leið fyrir tegund umferðar	500	500	10
659 Rafræn gjaldtaka	500	500	10
660.1 Neyðarútgangur	500	500	10
660.2 Neyðarútgangur	800	300	10
662 Vatnsverndarsvæði	500	600	10

Málsetning upplýsingamerkja

Málsetning 652.1 / 652.2 / 652.4 / 652.75 / 652.76 / 652.77 / 652.78 / 653 / 658 / 659 / 660.1




Málsetning 660.2**Málsetning 652.71 / 652.72 / 652.73 / 652.74****Málsetning 654.11 / 654.12 / 654.21 / 654.22**

Málsetning 655.61 / 655.62 / 655.71 / 662**Málsetning 656**

Gerðir upplýsingamerkja

650 Upplýsingatafla

 650.1	 650.2	 650.3	 650F.4
 650F.4	 650F.5	 650F.61	 650F.62
		 650F.63	 650F.64

Reglugerð um umferðarmerki:
650 Upplýsingatafla.

Upplýsingatafla með stuttum texta eða myndum veitir vegfarendum mikilvægar upplýsingar sem ekki er með greinargóðum hætti hægt að gefa til kynna með öðrum umferðarmerkjum.

Upplýsingatöflur geta m.a. veitt vegfarendum nánari upplýsingar um þjónustu, vegakerfi, fjarlægðir og bæjarstæði á svæði.
Varanlegar upplýsingatöflur eru bláar að lit en tímabundnar upplýsingatöflur (bráðabirgðamerki) eru appelsínugular að lit, táknad 650F.X.

650F.5 Upplýsingatafla um framkvæmdasvæði.

Upplýsingatafla um framkvæmdasvæði þ.e. hver framkvæmir, verktaka, magn, upphaf verks, verklok og tilvísanir í nánari upplýsingar.

650F.6 Hjáleið.

Merki þetta gefur til kynna hentugustu leið fram hjá vinnu- eða viðburðarsvæði.

Vinnureglur um notkun

Heimilt er að nota upplýsingatöflu þar sem þörf er fyrir upplýsingar sem ekki er unnt að veita með hefðbundnum umferðarmerkjum. Lágmarka skal magn upplýsinga og haga leturstærð í samræmi við umferðarhraða.

650.1 Upplýsingatafla

Heimilt er að nota einfalda upplýsingatöflu 650.1 með upplýsingum til vegfarenda þar sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli á vegleið framundan.

650.2 Upplýsingatafla fyrir svæði

Heimilt er að nota merkið 650.2 með táknrænni mynd af byggð og þjónustu á innvegum.

Merkið er heimilt að setja við veg til nánari upplýsingar fyrir vegfarendur um þjónustu, vegakerfi eða bæjarstæði. Merkið er notað utan þéttbýlis.

Merkið skal setja upp á útskoti á hliðarvegi, 20 – 50 m frá vegamótum. Þar sem þannig háttar til getur einföld upplýsingatafla 650.3 hentað betur.

650.3 Upplýsingatafla fyrir bæi

Heimilt er að nota einfalda upplýsingatöflu 650.3 með upplýsingum um bæi og þjónustu á hliðarvegi, 20 – 50 m frá vegamótum.

650F.4 Upplýsingatafla á framkvæmdasvæði

Heimilt er að nota upplýsingatöflu þar sem þörf er fyrir upplýsingar sem ekki er unnt að veita með hefðbundnum umferðamerkjum. Lágmarka skal magn upplýsinga og haga leturstærð í samræmi við umferðarhraða.

650F.5 Upplýsingatafla um framkvæmdasvæði

Heimilt er að setja upp upplýsingatöflur um framkvæmdasvæði, þ.e. hver framkvæmir, verktaka, magn, upphaf verks, verklok og tilvísanir í nánari upplýsingar. Einnig er verktaka heimilt að setja upplýsingatöflu með heiti verktaka ásamt merki fyrirtækisins á hlutatöflu. Töflurnar skulu staðsettar a.m.k. 1 m utan vegarbrúnar.


650F.6 Hjáleið

Merkja skal hjáleiðir með merkinu ásamt undirmerkjum til þess að gefa til kynna hentugustu leið fram hjá vinnusvæði.

Bráðabirgðatöflur sem sýna hentuga leið fram hjá tálmunum geta einnig hentað eftir aðstæðum.

Annað: Til áminningar þá hafa umferðamerki á bráðabirgðamerki ekki lagalegt gildi og þarf því einnig að setja upp sömu merki í því formi sem reglugerðin segir til um. Umferðamerki á bráðabirgðamerki er því einungis til upplýsinga.

652 Snúningssvæði fyrir löng ökutæki



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna útskot þar sem snúa má löngum ökutækjum við, svo sem í jarðgöngum.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að upplýsa um snúningssvæði fyrir löng ökutæki, svo sem í jarðgöngum.

Til viðbótar við merkingu á snúningssvæðinu sjálfu má nota annað 652 merki ásamt undirmerki 802.2 **200 m** um 500 m fyrir framan snúningssvæðið.

652.4 Útskot



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna útskot á mjóum vegi þar sem sérstök aðstaða er til að mætast eða aka fram úr.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að upplýsa um útskot á mjóum vegi þar sem sérstök aðstaða er til að mætast eða aka fram úr.

Merkið skal sjást úr báðum áttum og vera þeim megin vegar sem útskotið er.

Ef sjónlengd að útskotinu er minni en í sjónlengdartöflu skal einnig merkja útskotið hægra megin á þeirri akrein sem útskotið er ekki á.

652.7 Botngata

			
652.71	652.72	652.73	652.74
			
652.75	652.76	652.77	652.78

Reglugerð um umferðarmerki:


Merki þetta gefur til kynna að vegur sé lokaður í annan endann. Á merkinu má gefa til kynna að göngustígur, hjólastígur eða sameiginlegur stígur sé í framhaldi af veginum. Merkið tekur breytingum eftir aðstæðum.


Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið við upphaf botngötu eða á aðalvegi eftir því sem við á. Á merkinu má gefa til kynna að við enda götunnar sé stígur sem er fær gangandi og/eða hjólandi vegfarendum.

Ef lengd að lokun er meiri en 1 km skal gefa upp rétta lengd að lokun með undirmerki 802.2 . Merkið má jafnframt nota á bráðabirgðamerki.

Dæmi um notkun:





653.1 Undirgöng




Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta vísar á gönguleið um undirgöng.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að vísa á gönguleið um undirgöng.

Dæmi um notkun:



653.2 Brú


**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta vísar á gönguleið að brú.


Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að vísa á gönguleið um brú.

Dæmi um notkun:



654.1 Inn


**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna hvar ekið er inn á tiltekið svæði.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að vísa á leið fyrir umferð inn eða út af svæði, svo sem bifreiðastæði.

654.2 Út

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna hvar ekið er út af tilteknu svæði.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að vísa á leið fyrir umferð inn eða út af svæði, svo sem bifreiðastæði.

655.61 Löggæslumyndavél

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé sjálfvirk löggæslumyndavél sem gæti tekið ljósmynd af umferðarlagabroti.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið áður en komið er að sjálfvirkri löggæslumyndavél sem gæti tekið mynd af umferðarlagabroti. Óheimilt er að nota merkið í öðrum tilgangi.

655.62 Meðalhraðaeftirlit



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé vegarkafli þar sem sjálfvirkar löggæslumyndavélar mæla meðalhraða ökutækis þ.e. þann hraða sem ökutæki hreyfist að jafnaði á yfir tiltekna vegalengd.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið við upphaf kafla þar sem búnaður mælir meðalhraða ökutækis á kaflanum í löggæsluskyni. Óheimilt er að nota merkið í öðrum tilgangi.

Með merkinu skal nota undirmerkið 804.2 200-800m.

655.71 Eftirlitsmyndavél



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að á viðkomandi stað eða vegarkafli sé sjálfvirk eftirlitsmyndavél til að fylgjast með umferð.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem fram fer rafræn vöktun á umferð í löggæslu-, öryggis- eða eignavörsluskyni. Óheimilt er að nota merkið ef búnaðurinn er notaður til að mæla umferðarhraða í löggæsluskyni. Óheimilt er að nota merkið í öðrum tilgangi.

Á merkinu eða á undirmerki skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðarmann vöktunar, í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglna um rafræna vöktun.

656 Hámarkshraðaupplýsingar




Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur upplýsingar um almennar reglur umferðarlaga um leyfilegan hámarkshraða við mismunandi aðstæður.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að minna á almennar reglur um hámarkshraða. Merkið er einkum sett upp við stærstu aksturleiðir frá alþjóðlegum flugvöllum og ferjuhöfnum auk helstu akstursleiða út frá höfuðborgarsvæði.

658 Leiðbeinandi leið fyrir tegund umferðar



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna leiðbeinandi leið fyrir þá tegund umferðar sem tilgreind er á merkinu. Merkið tekur breytingum í samræmi við tegund umferðar t.d. vörubifreiðir, hjólandi vegfarendur, umferð hreyfihamlaðra vegfarenda og umferð reiðmanna á hestum. Önnur umferð er heimil nema sérstaklega sé lagt bann við henni.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna leið sem er til staðar fyrir þá tegund umferðar sem greinir á merkinu.

659 Rafræn gjaldtaka

**Reglugerð um umferðarmerki:**


Merki þetta gefur til kynna að ekið er inn á veg eða svæði þar sem gjald verður innheimt á rafrænan hátt.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem sjálfvirk gjald er lagt á umferð með rafrænum hætti s.s. akstursgjald á tiltekinni vegleið, um jarðgöng eða þjónustugjald.

Á merkinu eða á undirmerki skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðarmann vöktunar, í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglna um rafræna vöktun.

660 Neyðarútgangur

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna neyðarútgang eða stefnu og fjarlægð í neyðarútgang í jarðgöngum.

Vinnureglur um notkun:

Merki 660.1 Neyðarútgangur skal nota til að merkja neyðarútgang í jarðgöngum.

Merki 660.2 skal nota til að gefa stefnu og fjarlægð í neyðarútgang í jarðgöngum.

662 Vatnsverndarsvæði

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að ekið sé inn á vatnsverndarsvæði þar sem umferð sem flytur vatnsspillandi efni þarf að sýna sérstaka varúð.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna vegarkafila þar sem ekið er inn á vatnsverndarsvæði. Umferð sem flytur vatnsspillandi efni þarf að sýna sérstaka varúð. Heimilt er að rita lengd svæðis á merkið.